

Stofnanasamningur Fjölbrautaskólans við Ármúla og félagsmanna í Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU) sem er aðildarfélag BHM

1. kafli: Gildissvið, gildistími

- 1.1 Samningur þessi fjallar um kjör starfsmanna Fjölbrautaskólans í Ármúla sem eru í **Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga**. Samningurinn er gerður í samræmi við ákvæði í köflum 5.12 og 11 í samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SBU sem undirritað var 28. febrúar 2005.
- 1.2 Gildistími er frá 1. maí 2006 til 1. maí 2007.

2. kafli: Markmið

- 2.1 Markmið samningsins er að tryggja sanngjarna yfirfærslu félagsmanna SBU í nýtt launakerfi þann 1. maí 2006 og kveða á um röðun starfa í launaflokka.
- 2.2 Á samningstímanum mun samstarfsnefnd leggja fram tillögur um árangurstengingu launa með það fyrir augum að launakerfið stuðli að því að skólinn nái eftirfarandi markmiðum:
 - að launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti
 - að stuðla því að skólinn hafi góða samkeppnisstöðu á vinnumarkaðnum
 - að launakerfið verði starfsmönnum hvatning til markvissrar vinnu og aukinna afkasta
 - að launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem skólanum er ætlað að sinna
 - að hvetja til endur- og símenntunnar
 - að tekið verði upp reglubundið frammistöðumat
 - að launakerfið hvetji til frumkvæðis starfsmanna sem leiði til betri þjónustu og nýjunga í starfsemi bókasafnsins
 - að hvetja til þróunarstarfs, nýbreytni og endurmenntunar með fjárhagslegum og faglegum stuðningi

Samningnum er ætlað að bæta rekstrarskipulag skólans, bæta nýtingu rekstrarfjármagns og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi og þannig gefa starfsmönnum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með auka möguleika þeirra á bættum kjörum.

3. kafli: Röðun starfa í launaflokka

- 3.1. Bókasafns- og upplýsingafræðingur sem hefur störf við Fjölbrautaskólann við Ármúla grunnraðast í launaflokk 7. Hann hefur lokið BA eða BS prófi (90 einingar), ber ábyrgð á og hefur faglega umsjón með einu eða fleiri verkefnum/málaflokkum.

Eftir 2ja ára starfsreynslu

1 launaflokkur

| | |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------|
| Eftir 5 ára starfsreynslu | 1 launaflokkur |
| 120 eininga BA/BS próf eða 30 eininga háskólanám eftir BA/BS próf sem nýtist í starfi, svo sem UK | 1 þrep |
| MA/MS próf | 1 launaflokkur |
| Doktorspróf sem nýtist í starfi | 1 launaflokkur |

- 3.2. Forstöðumaður bókasafns grunnraðast í launaflokk II. Hann er bókasafns- og upplýsingafræðingur sem hefur með höndum yfirstjórn og ábyrgð á bókasafni skólans. Hann vinnur stjórnunarstörf þar sem stjórn og ábyrgð eru fólgin í fagstjórn, manna- og fjárforráðum og er ábyrgur fyrir samskiptum við aðrar stofnanir og fyrirtæki.

| | |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------|
| Eftir 2ja ára starfsreynslu | 1 launaflokkur |
| Eftir 5 ára starfsreynslu | 1 launaflokkur |
| 120 eininga BA/BS próf eða 30 eininga háskólanám eftir BA/BS próf sem nýtist í starfi, svo sem UK | 1 þrep |
| MA/MS próf | 1 launaflokkur |
| Doktorspróf sem nýtist í starfi | 1 launaflokkur |

4. kafli Reglubundin (föst) störf.

4.1

Til viðbótar þeirri röðun sem starfsmaður nýtur skv. almennri starfslýsingu ásamt menntun og starfsreynslu, geta komið launaþrep sem ráðast af verkefnum og hæfni einstaklingsins í starfi. Við mat á slíkri hækkun koma m.a. til álita atriði á borð við ritstjórn á útgáfum á vegum skólans, ritstjórn á heimasíðu skólans, vefstjórn, tækjaumsjón, safnkennsla umfram kynningu, frumkvæði í starfi, samskiptahæfni, sérstök reynsla, og virk endurmenntun. Hækkanir skv. þessari grein skulu koma fram í ráðningarsamningi eða sérstöku skriflegu (einstaklings) samkomulagi og geta gilt tímabundið. Séu tímamörk ekki tilgreind gildir hefðbundinn 3. mánaða uppsagnarfrestur. Starfsmannaviðtöl skulu vera grundvöllur rökstuðnings/ákvarðana.

4.2

Fyrir árangur og frammistöðu við að efla þjónustu bókasafnsins. Til grundvallar verða markmið áætlunar sem hver og einn setur sér þannig að launahækkun/launaþróun skv. þessu ákvæði verður háð mati. Fyrsta áætlunin verði unnin fyrir veturinn 2006 – 2007 og metin í mars 2007. Endurmat verði árlega eftir það. (Nánari ákvæði og reglur verða settar vorið 2006 og við endurskoðun samningsins)

4.3 Önnur tilefni álagsgreiðslna.

4.3.1

Heimilt er að greiða starfsmanni álag vegna sérstakra verkefna, áður ótalinna, sem hann tekur að sér.

4.3.2

Heimilt er að greiða starfsmanni álag vegna sérstakrar reynslu, hæfni, árangurs eða frammistöðu sem ekki fellur undir ofangreinda þætti.

4.3.3

Bókasafnsfræðingar sem taka að sé kennslu í upplýsingaleit eða heimsókn í tengslum við verkefni nemenda fá greitt fyrir kennslustundina í yfirvinnu.

5. kafli: Árangurstenging launa

Á samningstímanum mun samstarfsnefnd leggja fram tillögur um árangurstengingu launa. Þar verður tekið mið af markmiðum samningsins sem koma fram í grein 2.2.

6. kafli: Samstarfsnefnd, meðferð ágreiningsmála

6.1 Samstarfsnefnd starfar í samræmi við ákvæði í 11. kafla í samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga sem undirritað var 28. febrúar 2005

6.2 Í samstarfsnefnd sitja þrjú fulltrúar Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga og þrjú til vara. Í nefndinni eru einnig tveir fulltrúar skólans og tveir til vara.

6.3 Samstarfsnefndin skal upplýst um öll ráðningar- og launakjör sem nefndarmenn óska upplýsinga um. Þetta gildir hvort sem um er að ræða auglýsti störf eða verkefni sem kennarar taka að sér án undangenginnar auglýsingar.

7. kafli Vinnutími

Vísað er til samkomulags um vinnutíma sem gert var í kjarasamningi 1996 og vísað hefur verið til í kjarasamningum síðan (sjá fylgiskjal)

Reykjavík 9. maí 2006

Gísli Ragnarsson

Kristín Björgvinsdóttir

Ólafur Sigurjónsson

Þóra Kristín Sigvaldadóttir